

62

Við 8. gr.

17. sept.

5. og 6. flokkur falli burtu og í staðinn komi:

5. flokkur: Gjald kr. 3,20 fyrir hvern ten.m.: Trjáviður og þess háttar vörur, sem eru reiknaðar eftir rúmmáli.

6. flokkur: Gjald kr. 6,40 fyrir hvern ten.m.: Húsgögn, hljóðfæri og aðrar ljettavörur, sem eru reiknaðar eftir rúmmáli.

Við greinina bætist:

8. flokkur: Gjald 200 aura fyrir stykki: Nautgripir, hross.

9. flokkur: Gjald 50 aura fyrir stykki: Sauðfje.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. september 1924.*

Magnús Guðmundsson.

---

*Óddur Hermannsson.*

63

## REGLUGJÖRÐ

18. sept.

um

refaveiðar í Norður-Þingeyjarsýslu.

### I. KAFLI.

#### 1. gr.

Hreppsnefndir hafa umsjón með refaveiðum hver í sínum hreppi; kýs hún einn mann til að sjá um framkvæmdir, og nefndist hann refaveiðastjóri.

#### 2. gr.

Á vorfundi annast refaveiðastjóri um að kosnir sjeu hæfilega margir skotmenn, og hverjum þeirra ætlað ákveðið svæði, skal á sama fundi tilnefna grenjaleitarmenn, og er heppilegast, að skotmaður sje með í leitinni. Finnist gren með yrðlingum í, skal skotmaður og aðstoðarmaður hans setjast að á því, og eru þeir þá skyldir til að liggja þar í þrjá sólarhringa, nema grenið sje áður að fullu unnið.

**3. gr.**

Hver búandi er skyldur til að leita að grenjum í búfjárhögum sínum endurgjaldslaust. Gera skal hann skotmanni strax aðvart, ef hann verður þess var, að þar sjeu yrðlingar. Fer skotmaður tafarlaust þangað, ef hann ekki er háður öðru greni.

**4. gr.**

Aðallega skal gera tvær grenjaleitir á hverju vori, hina fyrri um fardaga og þá síðari eftir því sem refaveiðarstjóri ákveður. Leitarmönnum skal greidd þóknun fyrir það eftir reikningi, er hreppsnefnd samþykkir.

**5. gr.**

Hreppsnefndir semja um kaup við skotmann og aðstoðarmann, þann tíma, sem þeir eru frá heimilum sínum við grenjavinslu. Auk þess fær skotmaður fyrir fyrra dýrið sem vinst kr. 5,00, en kr. 10,00 fyrir hið síðara, og fyrir hvern yrðling kr. 2,00.

**6. gr.**

Refaveiðastjóri skal halda bók yfir eyðing refa, gjöra skal hann skýrslur um það eftir fyrirmynd, er atvinnu og samgöngumálaráðuneytið setur. Auk þess skal þar lýsa öllum grenjum á leitarsvæðinu með stuttri en glöggri lýsing, svo finna megi grenin eftir henni.

**7. gr.**

Eitra skal fyrir refi árlega í hagfeldum stöðum og á hentugum tíma. Skal svo með farið, að sem minst hætta stafi af. Ef rjúpur eða aðrir fuglar eru eitradir, þá er skylt, að auðkenna þá á þann hátt að stýfa af hálfan hægri væng.

Nota skal til eitrunar Strychnin eða annað eitur ekki ósterkara og skal refaveiðastjóri ætíð sjá um, að nægar birgðir af því sjeu til og í þeirra manna höndum, er hreppsnefnd trúir til að fari gætilega með það. Alt eitrad agn skal hirða og urða að vori, svo að sem minst hætta stafi af því.

**II. KAFLI.****8. gr.**

Hver sá sem óskar að ala upp yrðlinga til þess, að nota skinn þeirra sem verslunarvöru, verður að fá leyfi til þess hjá sýslumanni á hverju ári, ekki síðar en á manntalsþingum. Fyrstu leyfisbeiðni skal fylgja úttektargjörð sú, sem getur um í 9. gr.

**9. gr.**

Yrðlingaeldi er bannað nema í húsum með steinlímdum eða járnvörðum veggjum að innan, steinlögðu gólfi og öruggum útbúnaði um glugga, járnrimla og dyr. Skal hlutaðeigandi hreppstjóri með lögskipuðum úttektarmanui taka hús þessi út og meta hvort tryggilega sje frá þeim gengið. Sje þeim á nokkurn

**63** hátt áfátt að þeirra dómi, og bæti eigandi það ekki þegar, skal hreppstjóri  
 18. sept. tafarlaust kæra það fyrir sýslumanni. Úttektir þessar borgar refaeldismaður  
 eins og venja er til um aðrar úttektir.

#### 10. gr.

Hreppstjóri hefir eftirlit með refaeldi í sínum hreppi, skal hann á hverju sumri hið fyrsta eftir að refir eru komnir í eldi, fara til og telja yrðlinga hjá hverjum refaeldismanni og líta um leið eftir, að refaeldishúsum sje vel við haldið. Þegar refadrápi er lokið skal hreppstjóri gera aðra skoðun. Leggur refaeldismaður þá fram refabelgina til talninga. Vanti nokkuð á töluna frá því um vorið, tilkynnir hreppstjóri það þegar sýslumanni og sektast refaeldismaður fyrir hvern hvolp sem ávantar eins og hann hefði sloppið, nema sannað sje, að svo hafi ekki verið. Eftirlitsferðir hreppstjóra borgar refaeldismaður.

#### 11. gr.

Fyrir hvern yrðling sem sleppur hjá refaeldismanni greiðir hann 100 kr. sekt.

#### 12. gr.

Hafi hreppstjóri refaeldi með höndum, eða sje nákminn refaeldismanni í sínum hreppi, skipar sýslumaður annan mann í hans stað, til að hafa á hendi eftirlitið með refaeldi í hreppnum.

### III. KAFLI.

#### 13. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10—200 krónum nema þar sem öðruvísi er ákveðið hjer að framan. Allar sektir renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögreglumál.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin reglugjörð um refaveiðar í Norður-Þingeyjarsýslu frá 7. sept. 1921.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. okt. 1924.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. sept. 1924.*

Magnús Guðmundsson.

---

*Oddur Hermannsson.*